

Nefndir vegna alþjóðaráðstefnu DKG á Íslandi 2019.

2. útgáfa 13. ágúst 2018

Stýrihópur, formaður Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Alfadeild

Yfirumsjón með undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar í samvinnu við forseta Evrópusamtaka DKG. Framkvæmda- og fjárhagsáætlun, umsjón með dagskrá ráðstefnunnar, faglegri og félagslegri, skipuleggja nefndir og vinna með þeim, hafa yfirumsjón með kynningu, prentun og dreifingu gagna og samskipti við ferðaskrifstofu. Skilar lokaskýrslu til alþjóðaskrifstofunnar.

Dagskrárnefnd, formaður Guðný Helgadóttir, Gammadeild

Hlutverk dagskrárnefndar er að vinna tillögu að efni ráðstefnunnar á grundvelli fyrirmæla alþjóðasamtakanna, uppbyggingu dagskrárinnar í „general session“, fræðslufundi og innskot, semja við fyrirlesara, hanna og ganga frá dagskrá.

Nefndin skilar lokaskýrslu um inntak og framgang ráðstefnunnar til stýrihóps.

Nefndin sækir líka um undirbúning og framkvæmd á forráðstefnu ef ákveðið verður að hafa slíka.

Skráningar- og gestgjafanefnd, formaður Eygló Björnsdóttir, Betadeild

Hlutverk skráningar- og gestgjafanefndar er að sjá um skráningarblað á heimasíðu, samskipti við þátttakendur um skráningu, gerð þátttökulista, gerð nafnspjalda og aðgöngumiða, gerð ráðstefnutösku/möppu eða annað, öflun gagna og afhendingu skráningargagna í upphafi ráðstefnunnar.

Þá sér nefndin um að fá hóp félagskvemma til að vera gestgjafa. Hlutverk þeirra er að taka á mót þátttakendum og vera við allar samkomur á ráðstefnunni til að veita upplýsingar. Gestgjafar hafa umsjón með kaffihléum og aðstoða á fræðslufundum. Þeir eru líka tengiliðir við maka þátttakenda. Nefndin skilar lokaskýrslu um þátttöku til stýrihóps.

Viðburðanefnd, formaður Ingibjörg Einarsdóttir, Gammadeild

Hlutverk nefndarinnar er að sjá um umgerð ráðstefnunnar þ.e. útlit aðalsalar með blómaskreytingum, kertum, fánum (m.a. að útvega fánastand), útbúa skilti og merkingar á fundarsölum, skipuleggja opnun ráðstefnunnar (fánahyllingu o.fl.), „night on the town“ fyrra kvöldið ef af verður svo og lokakvöldverð 26. júlí. Nefndin geri tillögu um tónlistar- og skemmtiatriði á sjálfri ráðstefnunni og kvölddagskrám, ásamt gestgjöfum á hvert borð á lokakvöldverði. Einnig sér nefndin um að skipuleggja rýmið fyrir utan ráðstefnusalinn m.a. fyrir sölubása.

Þá komi í hlut nefndarinnar að veita upplýsingar um ferðamöguleika í tengslum við ráðstefnuna. Nefndin skilar skýrslu um framkvæmdina til stýrihóps.

Fjölmiðla- og kynningarnefnd, formaður Ingileif Ástvaldsdóttir, Mýdeild

Nefndin sjái um gerð heimasíðu og fésbókarsíðu í samvinnu við vefstjóra, sér um að setja efni inn og halda þessum síðum gangandi. Hún sjái um kynningu á ráðstefnunni í fjölmiðlum og öðrum málögögnum og annast myndatökur á ráðstefnunni. Einnig sér nefndin um upplýsingaflæði á og frá sjálfri ráðstefnunni. Nefndin skilar skýrslu um framkvæmdina til stýrihóps.

Fjárhagshópur, formaður Jensína Valdimarsdóttir, Deltadeild

Hlutverk hópsins er að gera fjárhagsáætlun í samvinnu við stýrihóp, framfylgja þeirri áætlun og sjá um öll fjármál ráðstefnunnar. Einnig að standa fyrir fjáröflun eftir því sem hægt er. Hópurinn sér um lokauppgjör að ráðstefnu lokinni og skilar skýrslu til stýrihóps.